

REGLUGERÐ

um úthlutun á hjálpartækjum á vegum Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um úthlutanir á hjálpartækjum sem nauðsynleg eru vegna blindu, sjónskerðingar og daufblindu. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

Sjúkratryggðir eiga rétt á hjálpartækjum samkvæmt reglugerð þessari. Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkratryggingar nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn yngri en 18 ára, sem búsett eru hér á landi, eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn. Að öðru leyti gilda ákvæði 10.–16. gr. laga um sjúkratryggingar um það hverjir teljast sjúkratryggðir hér á landi. Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur telst sjúkratryggður.

Um þátttöku ríkisins í kostnaði við gleraugu gildir reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við gleraugu, nr. 1155/2005, og eru því gleraugu, samkvæmt skilgreiningu þeirrar reglugerðar, ekki hluti af þessari reglugerð.

2. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í reglugerð þessari og fylgiskjali er sem hér segir:

1. *Hjálpartæki*: Tæki sem ætlað er að auka og viðhalda færni, efla þátttöku einstaklings í daglegu lífi auk þess að efla sjálfstæði og auka lífsgæði hans. Hjálpartæki verður jafnframt að teljast nauðsynlegt og hentugt til að auðvelda athafnir daglegs lífs.
2. *Blindur*: Ef læknisfræðileg greining sýnir að sjón einstaklings er minni en 5%, með venjulegum sjónglerjum, og innan við 10 gráðu sjónsvið, telst hann blindur.
3. *Sjónskertur*: Ef læknisfræðileg greining sýnir að sjón einstaklings er minni en 30% á betra auga, með venjulegum sjónglerjum, og innan við 20 gráðu sjónsvið, eða ef starfrænt mat sýnir erfiðleika vegna sjónskerðingar með lestur 10 punkta leturs með venjulegum sjónglerjum, með athafnir daglegs lífs og umferli, telst hann sjónskertur.
4. *Daufblindur*: Ef saman fer sjón- og heyrnarskerðing sem takmarkar athafnasemi einstaklings og hamlar þátttöku í samfélaginu í slíkum mæli að hann þarfnast sértækra þjónustu, laga þarf umhverfi að þörfum viðkomandi eða nýta sérstakan tæknibúnað til að mæta þörfum hans, telst hann daufblindur. Daufblinda er sérstök fötlun, en ekki samsetning tveggja fatlana. Þar sem skilgreining daufblindu er sjón- og heyrnarskerðing, en ekki mörk sjónskerðingar, gilda ekki sömu viðmið um úthlutun hjálpartækja vegna sjónskerðingar daufblindra eins og sjónskertra og blindra.
5. *Miðstöð*: Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.
6. *Börn*: Börn og unglingar yngri en 18 ára.

3. gr.

Réttur til hjálpartækja.

Miðstöðin úthlutar hjálpartækjum sem auðvelda fólki að takast á við athafnir daglegs lífs. Tækjum sem fólk notar almennt er ekki úthlutað nema um sé að ræða séraðlögun.

4. gr.

Hjálpartæki.

Miðstöðin úthlutar hjálpartækjum sem tilgreind eru í fylgiskjali með reglugerð þessari enda sé réttur fyrir hendi skv. 3. gr. Í fylgiskjalinu er hjálpartækjum rætt eftir flokkunarkerfinu EN ISO 9999:2007. Fylgiskjal þetta er birt sem fylgiskjal reglugerðar þessarar og er hluti hennar.

Úthlutun er bundin við tiltekna tegund og gerð hjálpartækis sem Miðstöðin ákvarðar, kaupir og afhendir.

5. gr.

Umsóknir og afgreiðsla beiðna.

Unnt er að sækja um hjálpartæki til Miðstöðvarinnar á sérstöku eyðublaði stofnunarinnar. Við mat á umsókn skal skoða þörf einstaklings fyrir tækið. Starfsmenn Miðstöðvarinnar meta og ákveða þörf fyrir hjálpartæki að höfðu samráði við umsækjanda. Rökstuðningur fyrir þörf á hjálpartæki skal ávallt fylgja umsókn. Úthlutun á hjálpartæki fylgir ávallt viðeigandi kennsla, þjálfun og eftirfylgd.

Miðstöðin annast uppsetningu, breytingar og aðstoð við aðlögun hjálpartækja fyrir notendur eða sér um að aðrir aðilar annist þessa þjónustu. Miðstöðin annast nauðsynlegt viðhald og viðgerðir á hjálpartækjum í eigu stofnunarinnar eftir að ábyrgð seljanda er útrunnin.

6. gr.

Skilaskylda.

Almennt gildir að hjálpartæki sem úthlutað er af Miðstöðinni er í eigu Miðstöðvarinnar og ber að skila að notkun lokinni. Í sumum tilfellum er ekki skilaskylda á hjálpartækjum og er það þá tekið fram við úthlutun og á kvittun fyrir viðkomandi tæki.

7. gr.

Stjórnarsýslukærur.

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða tegund hjálpartækis samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að kæra ákvörðun Miðstöðvarinnar til félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Kæra til félags- og tryggingamálaráðuneytisins skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan þriggja mánaða frá því umsækjanda var tilkynnt um ákvörðun. Á skrifstofu Miðstöðvarinnar skulu liggja frammi eyðublöð í þessu skyni og veita starfsmenn Miðstöðvarinnar nauðsynlega aðstoð við útfyllingu þeirra.

Miðstöðin skal láta félags- og tryggingamálaráðuneytinu í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er ráðuneytið telur þörf á.

8. gr.

Undanþágur.

Í meðfylgjandi fylgiskjali, sbr. 4. gr., er listi yfir þann búnað og tæki sem Miðstöðin úthlutar. Komi upp sú staða að nýr búnaður fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga komi á markaðinn eða ef um sérbúnað, viðbætur og breytingar er að ræða, sem þessi reglugerð tekur ekki á, getur notandi sótt sérstaklega um slíkt til Miðstöðvarinnar. Hjálpartækjanefnd Miðstöðvarinnar fer yfir og tekur ákvarðanir um slíkar undanþágur. Umsóknir um undanþágur fylgja sama ferli og hefðbundnar umsóknir.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 4. og 11. gr. laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, nr. 160/2008, öðlast þegar gildi.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. mars 2010.

Árni Páll Arnason.

Óskar Páll Óskarsson.

Fylgiskjal.

**Hjálpartæki Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir
blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.**

04 Hjálpartæki til meðferðar og þjálfunar.

04 24 Búnaður til mælinga.

04 24 09 Talandi blóðþrýstingsmælir.

Úthlutað til notenda sem vegna sjúkdóms verða að mæla blóðþrýsting reglulega og geta ekki nýtt sér hefðbundna mæla. Blóðþrýstingsmæli er að jafnaði úthlutað á fimm ára fresti.

04 24 90 Talandi blóðsykursmælir.

Úthlutað til notenda sem vegna sjúkdóms verða að mæla blóðsykur reglulega og geta ekki nýtt sér hefðbundna mæla. Blóðsykursmæli er að jafnaði úthlutað á fimm ára fresti.

04 36 Gögn til þjálfunar og örvunar skynfæra.

04 36 03 Gögn til að þjálfra skynjun til sundurgreiningar og flokkunar.

Úthlutað til barna sem þurfa á sértækri örvun og þjálfun skynfæra að halda. Úthlutun fer fram að undangengnu mati.

04 36 06 Sérhæfð leikföng og gögn.

Úthlutað til barna til að örva getu til sundurgreiningar og flokkunar og til að þjálfra samhæfingu skynfæra og samhæfingar augna og handa. Úthlutun fer fram að undangengnu mati.

04 39 Gögn til sjónörvunar.

04 39 01 Sérhæfð leikföng og gögn sem hafa ljós- og/eða hljóðgjafa og sterka liti.

Úthlutað til barna sem þurfa á sérstakri sjónörvun og þjálfun að halda. Úthlutun fer fram einu sinni að undangengnu mati.

05 Búnaður og gögn til þjálfunar og kennslu.

Úthlutað til notkunar við kennslu barna sem ekki geta nýtt sér hefðbundin kennslutæki. Úthlutun fer fram að undangengnu mati.

05 06 Sérhæfð hjálpartæki til kennslu og þjálfunar óhefðbundinna samskiptaleiða.

05 06 15 Sérhæfð gögn til kennslu punktaleturs.

Gögn með upphleyptum punktum til að þjálfra notendur í lestri punktaleturs.

05 06 18 Sérhæfð kennslugögn til þjálfunar snertiskyns.

Gögn til örvunar snertiskyns sem er forsenda lesturs punktaleturs.

05 15 Sérhæfð gögn til kennslu og þjálfunar á grunnfærni.

05 15 18 Sérhæfð kennslugögn til þjálfunar og notkunar á hugtökum.

Úthlutað til notkunar við kennslu barna sem ekki geta nýtt sér hefðbundin námsgögn, til dæmis tommustokk, málband og mæliglas með upphleyptum táknum og talandi vog.

05 18 Sérhæfð gögn til kennslu í námsgreinum.

05 18 15 Náttúru- og landafræðigögn.

Upphleypt kort og hnettir.

05 27 Gögn til þjálfunar í félagsfærni.

Úthlutað til barna sem þarfnast þjálfunar í félagsfærni. Úthlutun fer fram að undangenginni þjálfun og kennslu.

05 27 03 Spil.

Aðstoða við þjálfun í félagsfærni.

06 Stoðtæki.

06 30 Gerviauga.

06 30 21 Gerviauga.

Úthlutað er eftir þörfum notenda.

06 30 21 Augnskel.

Úthlutað er eftir þörfum notenda.

12 Ferlihljálpartæki.

12 07 Fylgihlutir við gönguhjálpartæki.

12 07 06 Endar á stafi.

Úthlutað eftir þörfum notenda.

12 07 09 Ísbroddar á stafi.

Úthlutað eftir þörfum notenda.

12 39 Hjálpartæki fyrir rötun og umferli.

Hjálpartæki við rötun og til að þekkja og skilgreina umhverfi. Fyrstu úthlutun stafs er ætíð fylgt eftir með kennslu og þjálfun í notkun. Stafir fyrir fullorðna eru ávallt hvítir en börn geta fengið stafi í ýmsum litum.

12 39 03 Stafir.

Úthlutað eftir þörfum notenda. Um eftirtaldar tegundir er að ræða:

- a. Samanbrjótanlegir stafir.
- b. Heilir stafir.
- c. Útdraganlegir stafir.
- d. Sérgerðir barnastafir.
- e. Stafagönguset.
- f. Göngustafir.
- g. Merkistafir.

12 39 90 Leiðsöguhundar.

Aðstoða við rötun og umferli, er úthlutað til einstaklinga sem taldir eru, að undangengnu mati, geta nýtt sér hunda til aukins sjálfstæðis við umferli. Úthlutun er fylgt eftir með þjálfun hjá sérþjálfuðum hundaþjálfurum og umferliskennurum. Úthlutun fylgir mat á aðstæðum einstaklinga og mat á þörfum einstaklings og leiðsöguhunds.

Úthlutun og endurúthlutun er tekin fyrir hverju sinni á Miðstöðinni. Fjöldi hunda sem er úthlutað á hverju ári er ákveðinn af Miðstöðinni fyrir eitt ár í senn. Þeir sem sækja um leiðsöguhund verða að vera eldri en 19 ára á því ári sem úthlutun fer fram.

22 Hjálpartæki til tjáskipta, upplýsinga og viðvörunar.

22 03 Sjónhjálpertæki.

22 03 03 Ljóssiur.

Ljóssiuglæraugum eða ljóssiuglerjum er úthlutað til notenda þar sem ljósfælni veldur röskun á daglegu lífi. Prófanir þurfa að sýna að ljóssía bæti sjóngetu eða líðan notenda. Endurúthlutun er heimil á þriggja ára fresti. Endurúthlutun er einnig heimil þegar breytingar verða á sjón.

22 03 06 Gönguglæraugu.

Úthlutað til barna óháð styrk. Endurúthlutun er heimil til barna 0–3 ára allt að tvisvar sinnum á ári, 4–8 ára einu sinni á ári og 9–18 ára annað hvert ár. Að auki er endurúthlutun heimil ef um breytingu á sjón er að ræða.

Úthlutað til fullorðinna þegar ljósbrotsgalli er meiri en $\pm 10,00$.D. Jafnframt er heimilt að úthluta gönguglæraugum vegna gerviaugna þegar útlitsaðlögunar er þörf. Endurúthlutun er heimil á þriggja ára fresti eða þegar breytingar verða á sjón.

22 03 06 Tvískipt/margskipt glæraugu.

Heimilt að úthluta í þeim tilvikum þegar aðstæður krefjast þess í sambandi við vinnu og skóla eða vegna líkamlegs atgervis. Endurúthlutun er heimil á þriggja ára fresti eða ef um breytingar á sjónlagi er að ræða sem nema $\geq \pm 0,75$.D.

22 03 06 Snertilinsur.

Heimilt að úthluta til fullorðinna þegar ljósbrotsgalli er meiri en nemur $\pm 10,00$.D.

Heimilt að úthluta til þeirra notenda sem ekki eru með augasteina og notenda með lausa augasteina, keiluglæru eða skylda sjúkdóma í glæru.

Jafnframt er heimilt að úthluta ljóssiúsnertilinsum eða ljóssiuglæraugum til þeirra notenda sem upplifa verulega mikla ljósfælni sem raskar daglegu lífi. Lituðum snertilinsum er heimilt að úthluta til notenda með skert ljósop. Úthlutun snertilinsa fer að jafnaði fram einu sinni á ári.

22 03 09 Lesgler, stækkunargler og glerjakerfi til stækkunar.

Glerjum er úthlutað til notenda sem þurfa stækkun til að geta sinnt athöfnum daglegs lífs.

22 03 09 Stækkunargler með ljósi.

Heimilt er að úthluta allt að þremur stækkunarglerjum á ári. Auk þess er endurúthlutun heimil ef breytingar verða á sjón.

22 03 09 Stækkunargler án ljóss.

Heimilt er að úthluta allt að þremur stækkunarglerjum á ári. Auk þess er endurúthlutun heimil ef breytingar verða á sjón.

22 03 09 Lesglæraugu.

Úthlutað til þeirra sem ekki geta lesið venjulegt bóka- og blaðaletur (10 punkta skrift í 25 sm fjarlægð) með hefðbundnum lesglæraugum. Endurúthlutun er heimil á þriggja ára fresti eða ef breytingar verða á sjón.

22 03 09 Kíkisglæraugu og ennislúpur.

Úthlutað til þeirra sem ekki ná fullnægjandi lestri með lesglæraugum. Úthlutun fer fram eftir þörfum notenda og mati sjóntækjafræðings.

22 03 12 Sjónaukar.

Úthlutað til notenda sem sjá illa frá sér og þurfa að geta greint hluti í fjarlægð. Úthlutun er ætíð fylgt eftir með þjálfun. Endurúthlutun er heimil á fimm ára fresti eða ef breytingar verða á sjón. Einum sjónauka er úthlutað hverju sinni.

22 03 18 Stækkunarbúnaður tengdur skjá og tölvu.

Búnaður til að stækka texta og mynd með hjálp myndavélar. Endurúthlutun er heimil á fimm ára fresti. Uppfærslur á hugbúnaði sem fylgir tölvutengdum tækjum eru heimilar árlega.

22 03 18 Skjálúpa og stækkunarmús, tengd skjá eða tölvu.

Heimilt að úthluta til notenda sem eiga í erfiðleikum með að lesa með gleraugum og/eða stækkunarglerjum. Miðað er við að viðkomandi þurfi meira en þrefalda stækkun til að geta lesið 10 punkta letur eða geti ekki haldið á stækkunargleri vegna líkamlegs atgervis.

22 03 18 Stækkunartæki – staðbundin og færanleg.

Tækinu er heimilt að úthluta til:

- a. fullorðinna sem sjá minna en 6/60 og/eða geta ekki lesið 32 punkta letur með bestu fánlegum lesgleraugum og
- b. sjónskertra barna sem sjá minna en 6/48 og/eða þurfa á slíkri stækkun að halda til að geta stundað nám til jafns við jafnaldra sína, þjálfað samhæfingu handa og augna, sinnt heima-vinnu og notið bókalesturs.

22 03 18 Vasastækkunartæki.

Tækinu er heimilt að úthluta til notenda sem:

- a. sjá minna en 6/60 eða geta ekki lesið 32 punkta letur með bestu fánlegum lesgleraugum og
- b. ekki geta nýtt sér sterk stækkunargler til athafna daglegs lífs.

22 03 90 Aukahlutir með stækkunarbúnaði.

Úthlutað með hverju tæki í upphafi. Aukahlutir eru plexíplata, pakki af línublöðum og svunta.

22 03 91 Hreyfanlegur og/eða stillanlegur armur fyrir skjá.

Skjáarmur sem festur er við vegg eða borð. Gerir notanda kleift að draga skjáinn til sín og stýra jafnframt hversu hátt eða lágt hann er staðsettur. Endurúthlutun er heimil á fimm ára fresti.

22 12 Hjálpartæki til að skrifa og teikna.**22 12 12 Sérhæfð kennslugögn til að skrifa punktaletur á límborða.**

Rétt til úthlutunar eiga þeir sem lesa og skrifa punktaletur. Endurúthlutun er heimil eftir fimm ár.

22 12 15 Ritvélar.

Sérstaklega ætlaðar þeim sem lesa og skrifa punktaletur. Rétt til úthlutunar eiga þeir sem geta ekki skrifað með hefðbundnum hætti, hafa náð tókum á og nota punktaletur eða eru í punktaletursnámi. Rammi fyrir borða fylgir með ritvélinni. Endurúthlutun er heimil eftir fimm ár.

Að öllu jöfnu er hefðbundnum punktaletursritvélum úthlutað en hægt er að sækja um rafmagnsritvél að undangengnu mati.

22 12 18 Punktaleturspappír.

Úthlutað til barna og námsmanna eftir þörfum.

22 12 18 Sérhæfð gögn til að þjálfa skrift og teikningu.

Rétt til úthlutunar eiga börn sem geta ekki nýtt sér hefðbundin gögn til að skrifa og teikna. Um er að ræða teiknimottur, plöst til teikninga, teiknisett og skriframma. Úthlutun fer eftir þörfum.

22 12 21 „Notetaker“.

Braille-lófatölva, öðru nafni „notetaker“, sem hefur innbyggðan punktaletursskjá og tengingu við punkta- og svartletursprentara.

Miðstöðin áskilur sér rétt til að ákveða tegund tækis sem úthlutað er og tekur mið af því hversu vel tækið hentar íslenskum aðstæðum, hvort unnt sé að íslenska tækið og hvort unnt sé að hlaða reglum fyrir íslenskt punktaletur inn á tækið. Tækið er sérstaklega hugsað fyrir börn á aldrinum 4–12 ára og er úthlutað á fimm ára fresti. Sé „notetaker“-lófatölvu úthlutað fær notandi ekki úthlutað blindraletursskjá á sama tímabili.

22 12 90 Lestrarbretti fyrir punktaletursritvél.

Bretti fest á ritvél til að halda pappír stöðugum. Einu bretti er úthlutað með ritvél.

22 15 Hjálpartæki til útreikninga.**22 15 03 Sérhæfð hjálpartæki til útreikninga önnur en rafstýrð.**

Rétt til úthlutunar eiga þeir sem ekki geta reiknað með hefðbundnum hætti. Endurúthlutun er heimil á fimm ára fresti. Um er að ræða:

- a. Abakus – hefðbundin.
- b. Abakus – einfaldur fimm raða.
- c. Abakus – talnastokkur (23 sm).

22 15 03 Sérhæfð hjálpartæki til útreikninga.

Talandi reiknivél er úthlutað til barna og námsmanna. Endurúthlutun er heimil á fimm ára fresti.

22 18 Hjálpartæki er varða upplýsingar í formi hljóðs eða mynda.**22 18 03 Hljóðupptöku- og afspilunartæki.**

Rétt til úthlutunar eiga:

- a. börn sem vegna skólagöngu nota bækur á DAISY-formi,
- b. notendur sem ekki eru færir um að lesa bækur með 10 punkta lettri sér til ánægju með meira en þrefaldri stækkun og
- c. notendur sem geta ekki haldið á bók.

Endurúthlutun er heimil eftir fimm ár.

22 27 Hjálpartæki til viðvörunar og upplýsinga.**22 27 06 Talandi litaskynjarar.**

Úthlutað til þeirra sem vegna sjónskerðingar geta ekki greint liti. Endurúthlutun er heimil á fimm ára fresti.

22 30 Hjálpartæki til lesturs.**22 30 06 Námsbækur á stækkuðu letri fyrir grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólanemendur.**

Bækur á svartlettri eða rafrænu formi eru yfirfærðar á stækkað letur og prentaðar út og/eða sendar rafrænt til notenda.

22 30 06 Afþreyingarefni á stækkuðu letri.

Notendur koma með efni til Miðstöðvarinnar, annaðhvort á svartlettri eða á rafrænu formi. Efnið er yfirfært á stækkað letur og prentað út og/eða sent rafrænt til notenda.

22 30 15 Stíllanleg hallandi vinnuplata.

Ætluð sjónskertum sem þurfa að stilla vinnufjarlægð við lestur, skrift, teikningu og önnur verkefni. Endurúthlutun er heimil á fimm ára fresti.

22 30 15 Lesgrindur.

Hallandi lesgrindur til stuðnings við lestur. Endurúthlutun er heimil á fimm ára fresti.

22 30 21 Hugbúnaður til skönnunar svartletursefnis.

Hugbúnaður til að skanna svartleturstexta, breyta í textaskjöl og lesa með skjálestrarhugbúnaði. Endurúthlutun er heimil á þriggja ára fresti. Uppfærsla er heimil árlega að undangengnu mati.

22 30 24 Námsbækur á punktalettri fyrir grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólanemendur.

Bækur á svartlettri eða rafrænu formi eru yfirfærðar á punktaletur og prentaðar út og/eða sendar rafrænt til notenda.

22 30 24 Afbreytingarefni á punktalettri.

Bækur á svartlettri eða rafrænu formi eru yfirfærðar á punktaletur og prentaðar út og/eða sendar rafrænt til notenda.

22 36 Inntaksbúnaður fyrir tölvur.**22 36 03 Límmiðar á lyklaborð.**

Límmiðar með stækkuðu lettri til að setja á lyklaborð. Úthlutað til þeirra sem ekki sjá lettrið á hefðbundnum lyklaborðum. Úthlutun er heimil einu sinni á ári.

22 39 Úttaksbúnaður fyrir tölvur.**22 39 03 Punktaletursskjár.**

Rétt til úthlutunar eiga þeir sem lesa og nota punktaletur. Úthlutun er heimil á fimm ára fresti.

22 39 06 Punktaletursprentari.

Rétt til úthlutunar eiga þeir sem lesa og nota punktaletur. Úthlutun er heimil á fimm ára fresti.

22 39 09 Talgervill.

Rétt til úthlutunar eiga þeir sem eiga og nota tölvur en geta ekki nýtt sér hefðbundinn tölvuskjá. Endurúthlutun er heimil á þriggja ára fresti. Uppfærsla er heimil árlega að undangengnu mati.

22 39 09 Talbúnaður í farsíma.

Rétt til úthlutunar eiga þeir sem ekki geta lesið á hefðbundinn farsímaskjá. Notandi kaupir sjálfur símtæki. Endurúthlutun er heimil á þriggja ára fresti. Uppfærsla er heimil árlega að undangengnu mati.

22 39 12 Hugbúnaður til að stækka texta og myndir á skjá.

Hugbúnaður til að stækka texta og myndir á tölvuskjá og farsímaskjá. Rétt til úthlutunar hafa þeir sem eiga og nota tölvur og farsíma en geta ekki nýtt sér hefðbundinn skjá. Úthlutun fer fram eftir að sýnt hefur verið fram á að innbyggðir stækkunarmöguleikar stýrikerfis búnaðar duga ekki til almennrar notkunar.

Endurúthlutun er heimil á þriggja ára fresti. Uppfærsla er heimil árlega að undangengnu mati.